



Lúxemborg, 19. október 2023

## Fréttatilkynning 07/2023

**Dómur í máli E-14/22 *the Liechtenstein Chamber of Lawyers gegn Dr Alexander Amann***

### **1. MGR. 24. GR. ÞJÓNUSTUTILSKIPUNARINNAR ÚTILOKAR ALMENNT BANN GEGN ÞVÍ AÐ MEÐLIMIR LÖGVERNDAÐRA STARFSGREINA NOTI FRUMKVÆÐISAUGLÝSINGAR**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit við spurningu sem barst frá áfrýjunardómstóli Liechtenstein (*Fürstliches Obergericht*) varðandi túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum („þjónustutilskipunin“), einkum 24. gr. þjónustutilskipunarinnar.

Málið varðar ágreiningsmál um beitingu viðurlaga sem höfðað var af lögmannafélagi Liechtenstein gegn Dr Amann, þar sem því var haldið fram að Dr Amann hefði brotið gegn c-lið 1. mgr. 35. gr. reglna lögmannafélags Liechtenstein sem kveður á um bann við markmiðuðum auglýsingum að eigin frumkvæði. Með dómi frá 28. júní 2022, komst Stjórnlagadómstóll Liechtenstein (*Staatsgerichtshof*) að þeirri niðurstöðu að hið umdeilda ákvæði c-liðar 1. mgr. 35. gr. reglnanna bryti hvorki í bága við lög né stjórnarskrá Liechtenstein.

EFTA-dómstóllinn tók fram að bann við markmiðuðum frumkvæðisauglýsingum af hálfu lögmanna, líkt og það sem deilt er um í málinu, skyldi túlka sem allsherjarbann við viðskiptaorðsendingum sem bryti í bága við 1. mgr. 24. gr. þjónustutilskipunarinnar og væri ekki réttlættanlegt samkvæmt 2. mgr. 24. gr. Þar af leiðandi var niðurstaða EFTA-dómstólsins sú að 1. mgr. 24. gr. þjónustutilskipunarinnar bæri að túlka á þann veg að hún útiloki landslöggjöf líkt og þá sem deilt er um í málinu, sem legði almennt bann við því að meðlimir lögverndaðra starfsgreina, líkt og lögmenn, noti frumkvæðisauglýsingar, þar sem þeir bjóði þjónustu sína til valins hóps af fólki sem hefði ekki sjálft sýnt áhuga á þjónustunni.

EFTA-dómstóllinn undirstrikaði hins vegar að slík niðurstaða fæli ekki endilega í sér að önnur tegund reglna um markmiðaðar frumkvæðisauglýsingar af hálfu lögmanna fæli í sér allsherjarbann samkvæmt 1. mgr. 24. gr. þjónustutilskipunarinnar. Að því marki sem reglur landsréttar sem fjalla um slíkar markmiðaðar frumkvæðisauglýsingar, fela ekki í sér allsherjarbann samkvæmt 1. mgr. 24. gr., skulu þær vera án mismununar, rökstuddar með vísan til brýnna almannahagsmuna og í þeim gætt meðalhófs líkt og fram kemur í 2. mgr. 24. gr.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.